

FORSÆTISNEFND

Ár 2025, föstudaginn 3. janúar, var haldinn 351. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 10:10. Eftirtaldir fulltrúar og áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Magnea Gná Jónhannsdóttir, Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, Líf Magneudóttir, Marta Guðjónsdóttir og Sabine Leskopf. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir og Sanna Magdalena Mörtudóttir. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Helga Björk Laxdal og Ólöf Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 3. janúar 2025.

Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárliðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

- a) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölbreyttara rekstrarform leikskóla og daggæslu í Reykjavík
 - b) Umræða um skaðsemi þess að stórfyrirtæki reki leikskóla (að beiðni borgarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands)
 - c) Tillaga borgarfulltrúa Flokks Fólksins stjórnsýsluúttekt á skipulagsferli Álfabakka 2a
 - d) Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um samnýtingu sundkorta
 - e) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stjórnsýsluúttekt á Álfabakkamálinu
- MSS25010046

Fundi slitið kl 10:25